



Steingrímur Bjarni Erlingsson
Sólbraut 8
170 Seltjarnarnes

, 12. júlí 2018
1806015 HBH

Efni: Stekkjarkot. Grenndarkynning dsk

Stekkjarkot deiliskipulag - grenndarkynning

Kynning á deiliskipulagi

Á fundi skipulagsnefndar 9,7,2018 var lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir spilduna Stekkjarkot í Þykkvabæ. Hér fer afgreiðsla skipulagsnefndar með fyrirv ara um staðfestingu sveitarstjórnar:

1806015 - Stekkjarkot. Deiliskipulag

Inngangur:

Heimir Hafsteinsson sækir um heimild til að deiliskipuleggja spildu sína. Gert verði ráð fyrir afmörkun byggingareita fyrir frístundahús og gestahús. Spildan er á skilgreindu frístundasvæði í aðalskipulagi.

Niðurstaða:

Vegna nálægðar byggingareits við lóðamörk telur nefndin þörf á að grenndarkynna áform umsækjanda til nærliggjandi lóðarhafa. Ef engar athugasemdir berast innan tilskilins frests til athugasemda, sem skal að lágmarki vera 4 vikur, leggur nefndin til að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 án frekari afgreiðslu.

Með vísan til 2. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2010 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna: Lóðarhöfum aðliggjandi lóða, Bakkaflöt L224483 og Borg L213639. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa.

Kynning hefst við útsendingu þessa bréfs og skal athugasemdum við ofanskráða tillögu komið til skipulagsfulltrúa skriflega eða á netfangið birgir@ry.is eigi síðar en 10. ágúst nk.

Þeir sem ekki senda inn athugasemdir fyrir tilskilinn frest teljast tillögunni samþykkir.

Fylgigögn:
Uppdráttur tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst,

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi